

Ed.

481. Frumvarp til laga

[210. mál]

um fjáröflun til íþróttasjóðs.

Flm.: **Daníel Ágústínusson, Alfreð Gíslason læknir.**

1. gr.

Af súkkulaði, brjóstsykri, konfektí, karamellum, lakkrís og öðru sælgæti, sem framleitt er hér á landi, skal í næstu 5 ár greiða gjald, að upphæð kr. 2,00 af hverju kg, sem framleitt er og selt, og rennur gjald þetta í íþróttasjóð.

2. gr.

Verksmiðjur þær, sem sælgæti framleiða, skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á sælgæti, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka í heildsölu, sem gjaldinu nemur, en gjaldið telst ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts, og óheimilt er að leggja á það í smásölu.

4. gr.

Íþróttanefnd ríkisins skal verja fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, eftir því sem fyrir er mælt í II. kafla 1. nr. 49 7. apríl 1956, ásamt öðru því fé, sem veitt er í sjóðinn á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1961.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við Íþróttanefnd ríkisins, sem hefur lengi talið mikla nauðsyn á því, að íþróttasjóður fengi tekjustofn til viðbótar því framlagi, sem árlega er veitt til hans á fjárlögum. Fjárhagur sjóðsins er nú slíkur, að til vandræða horfir fyrir þá mörgu aðila, sem þaðan vænta styrks. Vex árlega sú upphæð, sem sjóðurinn skuldar af áætlaðri þátttöku til þeirra, sem hafa rétt til styrks úr sjóðnum til framkvæmda sinna. Skal þetta skýrt nánar með yfirliti undanfarin 8 ár, sem sýnir ógreidda þátttöku — eftir að úthlutun hefur farið fram ár hvert — og fjárveitingar í sjóðinn á sama tíma.

Ár	Ógreidd þátttaka	Fjárveiting
1954	3,8 millj. kr.	750000 kr.
1955	5,0 — —	1000000 —
1956	5,9 — —	1200000 —
1957	8,4 — —	1400000 —
1958	10,6 — —	1600000 —
1959	13,1 — —	1600000 —
1960	14,9 — —	2000000 —
1961	16,0 — —	2000000 —

Íþróttanefndin hefur unnið eftir þeirri meginreglu að styrkja byggingu íþróttamannvirkja með 20—40% af stofnkostnaði. En hámarkið er 40% samkvæmt íþróttalögunum. Sundlaugar, íþróttahús, baðstofur og héraðsíþróttavellir hafa hlotið 40%. Íþróttavellir einstakra félaga og íþróttahöld 30%. Skíðamannvirki 20%. Allar teikningar og önnur sérfræðileg aðstoð hefur að fullu verið greidd af íþróttasjóði. Þá er nokkur styrkur veittur til íþróttakennslu hinnar frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, og hefur hann numið ca. 10—15% af heildarkostnaði. Enn fremur til útgáfu á leikreglum.

Eftir að íþróttalögin tóku gildi 1940, hefur íþróttasjóður styrkt eftirgreind mannvirki:

35 sundlaugar.	12 baðstofur.
7 íþróttahús.	13 skíðaskála.
80 íþróttavelli.	1 skíðalyftu.
5 skíðastökkbrautir.	5 golfvelli.

Fyrir þeirri fjáröflunarleið, sem valin er með frumvarpi þessu, eru a. m. k. þrjú fordæmi.

1. Landgræðslusjóður fær skatt af vindlingum.
2. Styrktarfélag fatlaðra og lamaðra fær skatt af eldspýtum.
3. Styrktarfélag vangefinna fær skatt af öli og gosdrykkjum.

Það er því mjög eðlilegt, að farið sé fram á það, að skattur af sælgæti gangi til að byggja íþróttamannvirki og styrkja íþróttakennslu og stuðla með því að aukinni hreysti og heilbrigði þjóðarinnar.

Framleiðsla þeirra sælgætistegunda, sem frumvarpið tekur til, hefur verið þessi undanfarin ár, samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands: 1955 565 tn., 1956 592 tn., 1957 530 tn., 1958 482 tn., 1959 503 tn. Tekjustofn þessi ætti því að gefa rúmlega 1 millj. kr. á ári til íþróttasjóðs, ef miðað er við framleiðsluna 1959 og kr. 2,00 af kg, svo sem gert er í frumv. þessu. Heildsöluverð á sælgætistegundum þessum er kr. 74,50—124,50, svo að ekki verður um verðhækkun að ræða, sem neinu máli skiptir.

Það er von okkar, að með frumvarpi þessu megi ráða nokkra bót á þeim fjárhagsvandræðum, sem íþróttasjóður hefur átt við að búa um langt skeið og tafið hafa mjög fyrir því, að hann gæti gegnt hlutverki sínu sem skyldi.